

Alþingi
Erindi nr. P 130/1803
komudagur 15.4.2004



Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR

DAGSETNING

EBr/hþ
00-22

13.04.2004

Varðar bréf dags. 26. mars 2004

Hjálagt fylgir umsögn RARIK um eftirfarandi frumvörp til laga.

- Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.
- Frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf.
- ✕ • Frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Einar Leifur Björnsson".

frankvæmdastjóri

Frumvarp til laga um jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku.

Umsögn RARIK er eftirfarandi

3. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar komi: Því fé, sem ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa til að lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku, skal einungis varið til að greiða niður kostnað á svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifibýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

4gr.

RARIK leggur eindregið til að það framlag, sem ákveðið er á fjárlögum til lækkunar á dreifingarkostnaði í strjálbýli, komi til lækkunar á tekjuramma viðkomandi gjaldskrársvæðis þegar gjaldskrá þess er ákveðin og samþykkt af Orkustofnun. Með þessu móti er niðurgreiðslan háð dreifingarkostnaði en ekki sveiflukenndri orkunotkun.

RARIK mælir með því að upplýsingar um framlög til lækkunar dreifikostnaðar verði kynntar með almennum hætti en ekki á einstökum reikningum orkunotenda, enda valda slíkar upplýsingar verulegum kostnaði í sölukerfum.

Í ljósi ofangreinds leggur RARIK til að fjórða grein verði endurskrifuð.